

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Hafrannsóknarstofnun	22.10.2018	Stað, Grindavík	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
470616-0830	12.12.2015	Já	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X	X		Við eftirlit voru um 4 tonn af fiski í stöðinni + um 4 tonn hrognkelsis. Starfsleyfi er runnið út.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið að sækja um starfsleyfi, umsóknin er í vinnslu hjá stofnuninni. Stendur til að sameina frárennsli við frárennsli frá Samherja.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Bæta þarf skráningar á förgun dauðfisks og annars úrgangs.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Já.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Já.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er neyðaráætlun til staðar?	X			Já.
-----------------------------	---	--	--	-----

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirkur fóðrari sem er fyllt á eftir þörfum.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Hvorki hefur verið mælt né reiknuð út losun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Frárennslis lítur vel út. Frárennslis liggur beint niður í fjöru, þar sem mikið brim og góð vatnsskipti eru. Ekki hefur verið klárað að sameina frárennslis við frárennslis Samherja.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Sjá frárennslis.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Losað í sjó, um 300 m frá stöðvarhúsi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		Sjálfdauðir fiskar (um 1 fiskur á viku) fara með heimilissorpi starfsmannaaðstöðu. Sláturfiskur fer í dýrafóður eða til manneldis. Halda þarf betri skráningar um förgun fisks

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				sem ekki er seldur og fá kvittanir þar sem það á við. Brúsar undan sápum og formalíni fara aftur til Mjallar Friggjar. Kvittanir vantar. Annar úrgangur fer óflokkaður á vegum sveitafélags í Kólku.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Engin vöktun.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og lífrænt efni, fyrir 1. des 2018. Matís.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar útrunnið starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Einnig eru gerðar athugasemdir við að áhættumat, viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, vöktunaráætlun og neyðaráætlun vantar.

<b>Samantekt:</b>	Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknarstofnunar. Snyrtileg stöð og umgengi almennt góð. Ekki hefur verið klárað að sameina frárennslið frá stöðinni frárennsli Samherja. Frávik seinasta eftirlits er ítrekað. Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið er varða mælingar eða mat á losun efna út í umhverfið og skráningar í rekstrardagbók.
<b>Annað:</b>	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir förgun úrgangs þar sem það á við. Rekstraraðila er einnig bent á að starfsemin er án starfsleyfis.

Undirskrift eftirlitsmanns: \_\_\_\_\_

*Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hafrannsóknarstofnun Stað, Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	22.10.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hafrannsóknarstofnun	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Stað	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470616-0830	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Matthias Oddgeirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávik seinasta eftirlits varðandi starfsemi án starfsleyfis er ítrekað.  
Tvö ný frávik frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi komu fram við eftirlitið.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

Gr. 4.a í lögum 71/2008 um fiskeldi og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Skráningum í rekstrardagbók er ábótavant. Skrá skal meðhöndlun úrgangs, bæði magn og gerð.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Losun efna út í umhverfið hefur hvorki verið mæld né áætluð með útreikningum.

### ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.  
Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir úrgangi þar sem það á við.  
Rekstraraðila er einnig bent á að starfssemin er án starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.11.2018

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir